

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nr. 344/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. B-lið samþykktarinnar:

a) Töluliður 1.1. verður svohljóðandi:

Fræðslunefnd. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

b) Töluliður 2.1. verður svohljóðandi:

Skipulags- og byggingarnefnd. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, þ.m.t. skipulag hafnar-svæða og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúa sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

c) Töluliður 2.3. verður svohljóðandi:

Umhverfis- og samgöngunefnd. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með hafnamál samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Nefndin fer með málefni sem varða lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þá vinnur nefndin að mótun umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana skal leita eftir umsögn nefndarinnar í þeim málum sem hana varðar. Þá skal skipulags- og byggingarnefnd hafa samráð við nefndina um aðra deiliskipulagsvinnu varðandi málefni sem heyra undir umhverfisnefnd í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

d) Töluliður 3.2. verður svohljóðandi:

Menningar- og kynningarnefnd. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með málefni bókasafna samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997, málefni skjalasafna samkvæmt lögum nr. 66/1985 og verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001. Nefndin fer með málefni félagsheimila og almennt með menningarmál í sveitarfélaginu. Þá fer nefndin einnig með kynningarmál sveitarfélagsins. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

e) Töluliður 2.4. fellur brott.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.